

Fjöldi verkefna sem nýtast í menntun fá styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna

[Rannís](#) tilkynnti nýlega um úthlutanir úr [Nýsköpunarsjóði námsmanna](#). Meðal verkefna sem verða styrkt þetta árið eru fjölmörg sem tengjast menntun beint eða gætu nýst skólafólki með einhverjum hætti. Hér eru nokkur dæmi:



**NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
NÁMSMANNA**

- [PhotoCube: Hugbúnaður sem leyfir notanda að flokka og raða margmiðlunarefni í stórum söfnum í þrívíðu rúmi.](#)
- Fótboltahermir fyrir spjaldtölvur sem kennir börnum forritun og stærðfræði.
- Spjaldtölvunámsefni fyrir leikskóla byggt á íslenskum fornkvæðum.
- [Menntavitinn: Þróun námsefnis tengt hafinu og tengdum iðnaði og þróun.](#)
- Rafrænt námsefni um íslensk handrit.
- Myndræn málfræði fyrir börn greind með einhverfu og málhömlun.
- Íslenska Listasöguspilið.

Og margt fleira.

[Listi yfir öll verkefni sem hlutu styrk er hér.](#)

[Frekari upplýsingar um Nýsköpunarsjóð námsmanna má finna hér.](#)

